

Richard Wagnerfélagið á Íslandi

Vesturgata 36B - 101 Reykjavík - sími: 5517292 - fax: 5516592

Fréttabréf í október

Fyrsta myndbandssýning vetrarins verður í Norræna húsinu laugardaginn 30. október kl. 13. Þá hefjast sýningar á uppfærslu Metropolitan óperunnar í New York á Niflungahringnum með fyrstu óperu Hringsins, Rínargullinu. Umsjón með sýningunum hefur dr. Árni Björnsson þjóðháttufræðingur, sem kynna mun óperurnar fjórar í Hringnum sérstaklega með hliðsjón af bakgrunni þeirra í íslenskum fornþekktum. Árni hefur eins og félagsmönnum er kunnugt unnið að rannsóknum á mikilvægi íslensku heimildanna fyrir Richard Wagner og gerð Hringsins og kemur bók hans um þetta efni út hjá Máli og menningu í vetur.

Sýningarnar verða í samvinnu við Félag íslenskra fræða.

Uppfærsla Metropolitanóperunnar telst fremur hefðbundin. Þessi sama uppfærsla verður reyndar aftur á fjölnum í New York síðla vetrar. Leikstjóri er Otto Schenk en hljómsveitarstjóri James Levine.

Sýnt verður á stóra tjaldinu í Norræna húsinu með enskum skjátextum. Árni Björnsson mun flytja mál sitt á undan sýningunni og á milli atriðanna fjögurra, en sjálfur flutningur Rínargullsins tekur 163 mínútur. Meðfylgjandi er efnisþráður.

Gert verður eitt kaffihlé, en kaffistofa Norræna hússins er opin frá 9-18.

Félagsmenn fjölmennið og takið með ykkur gesti. Aðgangur ókeypis.

Í upphafi fyrstu samkomu vetrarins á Hótel Holti var minnst Jóhannesar Jónassonar, ritara félagsins, sem lést 8. september sl. og Þorsteins Hannessonar söngvara og félagsmanns RWÍ, sem lést í febrúar. Leikið var atriðið "In fernem Land" úr Lohengrin í minningu þeirra. Jóhannes var einn af aðalhvátamönnum að stofnun Wagner félagsins og vann félaginu mikið og gott starf. Hann allra manna fróðastur um allt sem Richard Wagner viðkom. Jóhannesar er sárt saknað á þessum vettvangi.

Á samkomunni flutti Stephan Jöris frá Bayreuth mjög áhugaverðan fyrirlestur með miklu myndefni um Wolfgang Wagner og afar efnileg ung söngkona, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, söng fyrir gesti. Örugg og traust veislustjórn var í höndum Eiríks Tómassonar og þau Ásdís Kvaran, Steinn Jónsson og Sólrún Jensdóttir fluttu tölur.

Meðfylgjandi er dagskrá vetrarins og yfirlit yfir helstu Wagnersýningar erlendis á komandi vetri, sem félagið hefur fengið vitneskju um.

Athugli er einnig vakin á því að enn eru lausir u.þ.b. 10 miðar á Niflungahringinn í Helsinki, en áhugasamir verða að ákveða sig fyrir mánaðarmót, því eftir það verður miðunum skilað til baka. Miðarnir eru á fremsta bekk fyrir miðju og kosta 2100 FM samanlagt á allar sýningar.
